

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Nesvegur 104.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 985. fundi sínum 17. apríl 2024, breytingu á skipulaginu „Kolbeinsstaðamýri, deiliskipulag“. Breytingin tekur til lóðarinnar Nesvegur 104 og felst í að heimilt verður að stækka svalir og byggja sólskála á jarðhæð en yfirbyggðar svalir á 2. hæð. Jafnframt hækkar nýtingarhlutfall úr 0,38 í 0,39.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Seltjarnarnesbæjar, 31. maí 2024,

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. júní 2024